

KJARVAL

20% afsláttur

529 KR. PH.

Goða Grillborgarar m/brauði 4 stk.

20% afsláttur

1649 KR. KG.

Goða Lambagrillseldar kryddmarineraðar

20% afsláttur

1898 KR. KG.

SS Kryddlegnar lambarifjur

30% afsláttur

598 KR. KG.

Móa Krydduð læri

23% afsláttur

229 KR. PH.

Lorens Snakk

35% afsláttur

499 KR. STK.

Melstara Brúnterta

189 KR. PH.

Crawford Sókkulaði- og Vanillukremkex 300 g

399 KR. PH.

Allra Eldhúsúllur 4 stk.

Uerð frá:

169 KR. STK.

Lorenz Nic Nac's og Kartöflustrá

299 KR. KG.

Únber rauð

3x Notaðu American Express hér og þú færð jafnvörð **VILDARPUNKTA.**

Kortid sem kemur þér út

- Sjá opnunartíma á kjarval.is -


ÖLL VÆRÐI ERU BOKT MED FRIKORVA UM FRIHTVILLU OG/EDR. MYNDARRETTUR

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

100 Ára



Föstudaginn 12. júní nk, verður Ólafur Pétursson, Giljum í Mýrdal 100 ára.

Af því tilefni tekur hann á móti gestum á Hótel Höfðabrekku, á afmældisdaginn frá kl. 18:00-21:00

SMÁAUGLÝSINGAR

Frá Vitunum

Þar sem næsti útgáfudagur Vitans ber upp á 17. júní verður útgáfunni flýtt um einn dag, verður unnin og skilað á póst á mánud. kemur í dreifingu á þriðjud. **Vinsaml. ath að auglýsingar berist fyrir kl. 10 mánudaginn 15. júní nk** kv. útg.



Systra kaffi Auglýsir

Dúettinn, "Sambandið" heldur uppi fjöri á Systrakaffi þriðjud. 16. júní.

Kaldur innifalinn í miðaverði



Aníta Sólveig, f. 26.5. 2008.
Foreldrar: Jón Þór Helgason frá Skeiðflöt og Sýlvía Rós Owen.

24. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 10. JÚNÍ 2009

UMF Skafti auglýsir

Íþróttæfingar og göngudag fjölskyldunnar

Íþróttæfingar sumarsins hefjast fimmtudaginn 11. júní og verða framvegis á mánudögum og fimmtudögum frá 20:30 – 22:30. Þjálfari verður Harpa Ósk.

Minum á að Íþróttahátíð USVS verður haldin laugardaginn 18 júlí.

Jónsmessuganga fjölskyldunnar verður á Jónsmessu 24. júní. Mæting við Þykkvabæjarklausturkirkju kl. 20:30. Þaðan verður keyrt niður í Alviðruhamravita og gengið niður í fjöru. Vegurinn suður að vita er fær öllum bílum. Hressing í boði félagsins að göngu lokinni.

Allir velkomnir!

Stjórn UMF Skafta

Umf Katla auglýsir

Leirmótun fyrir börn og unglunga fædd 1993 til 1999.

Námskeiðið verður haldið dagana 29. og 30. júní og 6. júlí, kl.13 til 16.

Verð: 7500 kr. (efnið og brennslan innifalið). Kennari: Kristín Marti.

Skráning fer fram hjá Kristínu Marti, s: 893 9170,
eða á netfang: marti@aknet.is

Skráningarfrestur: 21.júní

Sumaropnun Kjarval í Vík

Mánudaga til föstudaga **kl. 9.00 -19.00**

Laugardaga **kl. 10.00 -17.00**

Sunnudaga **kl. 10.00 -15.00**



Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

Þriðjudaginn 2. júní hófst álestrartímabil af ökumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til dagsins 15. júní. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 12 júní.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372

Vegagerðin

Andinn Söngelski

Árni Johnsen gekk eftir ströndinni og allt í einu fann hann skrýtna flösku. Hann var forvitinn og og tók því tappann úr flöskunni. Og púfffff, andi kom uppúr henni og sagðist gefa honum eina ósk sem hann gæti fengið uppfyllta. Árni sagði að sig vantaði eiginlega ekki neitt.

„Jú, það hlýtur að vera eitthvað sem ég get gert fyrir þig ” sagði andinn. „Ja kannski, mig hefur alltaf langað svo mikið að að fá göng til Eyja” Andinn reyndi að leiða Árna fyrir sjónir hvílk vandræði hlytust af því að leggja göng til Eyja, hvort það væri ekki eitthvað annað sem honum dytti í hug að biðja um.

„Jú, kannski, mig hefur alltaf langað svo mikið til að syngja vel.”

„Bíddu, bíddu” sagði andinn „varstu að tala um einbreiðan eða tvíbreiðan veg.....?”

Á döfnni

Jónsmessuganga fjölskyldunnar á Jónsmessu 24. júní frá Þykkvabæjarklausturkirkju kl. 20:30.

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík fimmtudaginn 11. júní n.k.

Hestaping Kóps 2009 verður haldið að Sólvöllum 20. og 21. júní

MÁLSHATTUR VIKUNNAR

Höggva í harðan skalla
Fá engar undirtektir, mæta tómlæti. *Kvenfélagið* leitaði til bæjarstjórnar um styrk til þess að reisa hús yfir hannyrðasafnið, en þar var höggvið í harðann skalla.

VISA VIKUNNAR

Kæta hugann kjaftafréttir,
kitlar eyru rógtungan.
Hún er lengi ósögð eftir
andstygginn um náungann.

Höf: Björn Blöndal

Ný netverslun

- www.fallegfot.com

*Mikið úrval að nýjum
og ódýrum fötum,
sendi um land allt.*





Skráning á Landsmót UMFÍ á Akureyri dagana 9-12 júlí er hafin.

Upplýsingar um mótið er hægt að sjá hjá www.landsmotumfi.is,
en skráning fer fram hjá usvs@media.is

Stjórn USVS

Umf Katla

minnir á Leikjanámskeið fyrir börn fædd 1999 til 2004.

Leikjanámskeiðið verður haldið virka daga frá kl. 9 til 12 vikurnar
29. júní til 10. júlí. Farið verður í leiki, gönguferðir og leirmótun.
Verð fyrir báðar vikurnar er 7000 kr., fyrir eina viku er verðið 4000 kr.

Leiðbeinendur: Kristín Marti og Þorbjörg Kristjánsdóttir.
Lágmarksfjöldi: 20 börn.

Skráning fer fram hjá Kristínu Marti, s. 893 9170
eða á netfang marti@aknet.is


Skráningarfrestur: 25. júní.

Búnaðarfélag Hvammshrepps.

Almennur félagsfundur verður haldinn að Eyrarlandi
sunnudaginn 14. júní kl. 21:00

Dagskrá: Sala hlutabréfa í Víkurprjón.
Stjórnin.

Víkurkirkja - Lýðveldisdagurinn



Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju á Lýðveldisdaginn 17.
júní 2009 kl. 13.00 í tengslum við hátíðahöldin á 17. júní.

Prestur er séra Haraldur M. Kristjánsson prófastur.
Organisti er Kári Gestsson sem leiðir almennan safnaðarsöng.

Fjölmönnum til guðsþjónustu og göngum í skrudgöngu
frá kirkjunni niður á hátíðarsvæðið að henni lokinni.



Ræða, fjallkona, kraftakeppni og fl.

Haraldur M. Kristjánsson

17. júní 2009

Mæting á Bankaplanið í Vík kl. 9:00

Gengið verður austur að Uxafótalæk, þar upp Rana,
vestur brúnir Víkurhamra og niður Bratthól til Víkur.



. Ferðafélag Mýrdælinga

17. júní Tunguseli



Kvenfélögin á Álftaveri og Skaftártungu verða með hina
árlegu 17. júní skemmtun í Tunguseli kl. 14.00

Allir velkomnir
Kvenfélögin

Gæsavatn - Gæsavatn !



Ferðafélag Mýrdælinga efnir til dagsgöngu að Gæsavatni laugardaginn 13. júní n.k.

Brottför frá bankaplaninu kl. 10.00. Göngugjald er kr. 500.- fyrir félagsmenn og kr. 700 fyrir utanfélagsmenn.

Göngustjóri er Jón Hjálmarsson. Áætlað er að gangan taki 5 - 6 klst. Eigum skemmtilegan dag í fallegu umhverfi með góða skapið og nesti í farteskinu, ásamt góðum skóm á fótum!

Golfklúbburinn í Vík.



Miðvikudagsmótaröðin verður framvegis spiluð á fimmtudögum í sumar. Þeir sem ætla að spila 18 holur verða ræstir út kl. 18:00 og þeir sem spila 9 holur kl. 20:00.

Spilað verður alla fimmtudaga út ágúst.

Nánar auglýst í Péturshöll.

Mótanefnd GKV

Á léttu nótonum

Sannur karl frá Texas

Flugvél flaug í gegnum talsvert óveður. Ókyrrðin var mikil og ekki skánaði ástandið þegar eldingu laust niður í annan vænginn.

Ein kona tapaði sér alveg. Hún stóð upp fremst í vélinni og öskraði "Ég er of ung til að deyja!!". Síðan kallaði hún "ef ég á að deyja núna þá vil ég að síðustu mínútur mínar í þessu jarðlífi verði minnisverðar. Er einhver hér í flugvélinni sem getur látið mér líða eins og sannri konu? Það sló á þögn í vélinni og fólkið starði á örvæntingarfullu konuna fremst í vélinni. Þá stóð karlmaður frá Texas upp aftarlega í vélinni. Hann var myndarlegur, hávaxinn og vel vaxinn. Hann gekk rólega fram ganginn og byrjaði að hneppa frá sér skyrtunni, einni tölu í einu. Enginn annar hreyfði sig. Hann fór úr skyrtunni og hnyklaði brjóstvöðvana. Hún tók andköf.....

Þá, sagði hann "Straujaðu þessa og færðu mér bjór".

Hin árlega firmakeppni

hestamannafélagsins Kóps fyrir yngri kynslóðina
verður haldin að Syðri Fljótum 14. júní og hefst hún kl. 13.00.

Keppt verður í polla, barna og unglingaflokki.

Skráning verður á staðunum og hefst klukkustund fyrir keppni.

Þegar firmakeppni lýkur og þar með reiðskóla verður farið í ca. 2 tíma reiðtúr um Meðallandið þar sem allir eru hvattir til að mæta.

Firmakeppnisnefnd

Hestaping Kóps

Hestaping Kóps 2009 verður haldið að Sólvöllum 20. og 21. júní næstkomandi. Mótið hefst á laugardeginum kl 10.00. með forkeppni, gæðinga, polla, barna, unglinga, ungmennaflokkum og tölti, síðan kappreiðum. Á sunnudeginum verða síðan úrslit og keppt í skeiði með fljótandi starti.

Keppnisgreinar á mótinu verða ef næg þátttaka fæst. A og B-flokkur gæðinga, polla, barna, unglinga og ungmennaflokkar og opin óformleg töltkeppni. Kappreiðgreinar verða 150m skeið, 100m skeið með fljótandi starti, 300mbrokk og 300m stökk.

Dagskrá verður nánar auglýst í næsta Vita.

Farið verður eftir lögum og reglugerðum landsambands hestamannafélaga en þau er hægt að nálgast á heimasíðunni lhestar.is hvetjum við alla til að kynna sér lögin.

Öll hross skulu vera skráð í worldfeng.

Þátttökuskráning fer fram hjá:

Jón Geir í síma 8655427

Ásu Gróu í síma 8690072

Og á netfangi Kóps hmf.kopur@gmail.com

Síðasti skráningardagur er 17. júní

Með kveðju.

Stjórn hestamannafélagsins Kóps